

Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og interneti 2007

Use of computers and the Internet by households and individuals 2007

Samantekt Árið 2007 voru tölvur á 89% heimila og 84% heimila gátu tengst interneti. Nærri níu af hverjum tíu nettengdum heimilum nota ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingu og einungis 7% nettengdra heimila nota hefðbundna upphringitengingu eða ISDN.

Níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16–74 ára nota tölvu og internet. Tilgangur einstaklinga með notkun internets breytist lítið milli ára og líkt og fyrri ár var miðillinn helst notaður til samskipta og upplýsingaleitar. Árið 2007 hafði um þriðji hver Íslendingur pantað og keypt vörur eða þjónustu um internet á því þriggja mánaða tímabili sem spurt var um. Enn er algengast að fólk kaupi farmiða, gistingu eða annað tengt ferðalögum um internet.

Hér á eftir verður fjallað um tölvur og internet á heimilum á Íslandi árið 2007 og tölvu- og internetnotkun einstaklinga. Meðal annars er skoðað hvaða aðgerðir fólk hefur framkvæmt í tölvu og á interneti og í hvaða tilgangi það nýtir sér internetið.

Í heftinu er yfirlit yfir helstu niðurstöður. Ítarlegri niðurstöður má finna á heimasíðu Hagstofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni*.

Inngangur

Hlutverk svarenda Hagstofa Íslands gerði fyrr á þessu ári sjöttu rannsókn sína á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti. Líkt og í fyrri rannsóknum voru viðmælendur annars vegar spurðir um tæknibúnað á heimili og hins vegar um þeirra eigin notkun á tölvu og interneti.

Tölvur og internet á heimilum

Mikill meirihluti íslenskra heimila með tölvu og nettengingu

Tölvur eru á nærri níu af hverjum tíu heimilum hér á landi og 84% íslenskra heimila hafa aðgang að interneti. Algengara er að heimili með börn yngri en 16 ára hafi tölvu og internet en heimili þar sem allir heimilismenn eru 16 ára og eldri. Þannig höfðu 97% heimila með börn tölvu og 94% slíkra heimila voru tengd interneti árið 2007. Af barnlausum heimilum höfðu 83% tölvu og ríflega þrjú af hverjum fjórum slíkum heimilum voru nettengd.



<i>Níu af hverjum tíu nettengdum heimilum með xDSL tengingu</i>	Mikill meirihluti íslenskra heimila notar xDSL ¹ til að tengjast interneti en árið 2007 tengdust 89% nettengdra heimila interneti um xDSL. Um 7% nettengdra heimila nota upphringimódem eða ISDN og einungis 2% nettengdra heimila nota kapal eða breiðband. Heimili sem nota <i>WAP</i> eða <i>GPRS</i> tengingar mælast varla.
<i>Hraðvirkari tengingum fjölga á landsbyggðinni</i>	Hraðvirkum tengingum á landsbyggðinni hefur fjölgað nokkuð milli áranna 2006 og 2007. Þannig höfðu 86% nettengdra heimila á landsbyggðinni xDSL tengingu árið 2007 á móti 77% árið 2006. Hlutfall nettengdra heimila á höfuðborgarsvæðinu með xDSL tengingu var 91% árið 2007.
<i>xDSL tengingar algengari á heimilum þar sem börn eru</i>	Algengara er að heimili með börn yngri en 16 ára noti xDSL tengingu en heimili án barna yngri en 16 ára. Þannig tengdust 94% nettengdra heimila með börn interneti um xDSL árið 2007 á móti 85% nettengdra heimila án barna yngri en 16 ára. Hlutfall heimila sem notuðu hefðbundna upphringitengingu eða ISDN var 4% meðal heimila með börn og 10% meðal heimila án barna yngri en 16 ára árið 2007.
<i>Tekjur heimilis hafa ekki áhrif á tegund internettengingar</i>	Árið 2007 voru 56% heimila með lægstu tekjurnar tengd interneti. Internettengingar voru á 84% heimila með tekjur á bilinu 201–400 þúsund krónur á mánuði og á 91% heimila þar sem tekjur voru hærri en 400 þúsund krónur á mánuði. Þegar spurt var um tegund nettengingar var munurinn hins vegar minni milli tekjuhópa. Þannig höfðu 85% nettengdra heimila með lægstu tekjurnar og 87% nettengdra heimila með tekjur á bilinu 201–400 þúsund krónur xDSL tengingu. Ríflega 90% nettengdra heimila með hærri tekjur en 400 þúsund krónur tengdust interneti um xDSL.
<i>18% nettengdra heimila tengjast um leikjatölvu og 15% tengjast um stafrænt sjónvarp</i>	Líkt og niðurstöður fyrri rannsókna Hagstofunnar hafa sýnt er langalgengast að tölvan sé notuð til að tengjast interneti eða í 99% tilvika. Nokkur fjöldi heimila notar fleiri en eitt tæki til að tengjast interneti. Þannig tengdust 18% nettengdra heimila interneti um leikjatölvu, 15% nettengdra heimila tengdust um stafrænt sjónvarp eða stafrænan myndlykil og á 4% nettengdra heimila var notuð lófatölva eða farsími.

Tölvu- og internetnotkun einstaklinga

<i>Níu af hverjum tíu nota tölvu og internet</i>	Í rannsókninni var m.a. spurt um notkun tölvu eða internets síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn og eru þeir einstaklingar sem notuðu tölvu- eða internet á því tímabili nefndir <i>tölvu-</i> og <i>netnotendur</i> . Notkun tölvu og internets er afar útbreidd meðal almennings á Íslandi. Þannig höfðu 91% aðspurðra notað tölvu og svipað hlutfall eða 90% notað internet síðustu þrjá mánuði í rannsókninni nú. Nær allir einstaklingar á aldrinum 16–44 ára nota tölvu og internet eða 96–100%. Af einstaklingum á aldrinum 45–54 ára nota 91% tölvu og 89% internet, 87% einstaklinga á aldrinum 55–64 ára nota tölvu og 83% þeirra nota internet. Minnst er um tölvu- og netnotendur í elsta aldurshópnum en 57% einstaklinga á aldrinum 65–74 ára nota tölvu og helmingur þeirra notar internet.
<i>Tölvu- og internetnotkun er jafn algeng meðal kvenna og karla</i>	Nær enginn munur mælist milli kynja á tölvu- og internetnotkun. Þannig nota 92% karla og 90% kvenna tölvu og 91% karla og 89% kvenna internet. Nær allir einstaklingar yngri en 55 ára nota tölvu og internet eða meira en níu af hverjum tíu. Þrír af hverjum fjórum körlum á aldrinum 55–74 ára voru tölvu- og internet-

¹ xDSL er notað sem samnefni fyrir ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingar.

notendur árið 2007 og er það hlutfall óbreytt frá fyrra ári. Nokkur aukning mælist hins vegar meðal kvenna á aldrinum 55–74 ára á sama tímabili en árið 2007 notuðu 73% þeirra tölvu og 66% internet. Árið 2006 sögðust 62% kvenna á þessum aldri nota tölvu og 56% þeirra notuðu internet.

Allir námsmenn nota tölvu og internet

Algengara er að námsmenn og starfandi fólk noti tölvu og internet en aðrir. Þannig nota allir námsmenn tölvu og internet, af starfandi fólki nota 94% tölvu og 93% internet. Í atvinnuflokknum *Aðrir* (ellilífeyrisþegar, heimavinnandi án launaðrar vinnu, öryrkjar, bótaþegar og atvinnulausir) nota 64% tölvu og 58% eru netnotendur.

Tölvu og netnotkun útbreiddust meðal háskólamenntaðra

Nær allir einstaklingar með háskólapróf nota tölvu (99%) og internet (99%). Hlutfall tölvu- og internetnotenda meðal einstaklinga með stúdents- eða iðnskólapróf er einnig mjög hátt en árið 2007 notuðu 92% þeirra tölvu og internet. Sama gildir um einstaklinga með stystu skólagönguna en 86% einstaklinga í þeim hópi nota tölvu og 82% eru netnotendur.

Langflestir nota tölvu og internet a.m.k. einu sinni í viku

Nær allir tölvunotendur nota tölvu a.m.k. einu sinni í viku og flestir nota hana á hverjum degi eða 86%. Sama gildir um netnotkun en nær allir netnotendur vafra um internetið a.m.k. einu sinni í viku og 82% nota miðilinn daglega.

Ríflega einn af hverjum tíu fer á internet um farsíma

Árið 2007 voru einstaklingar spurðir hvort þeir notuðu internet um farsíma, lófatölvu eða fartölvu. 12% netnotenda sögðust fara á internet í gegnum farsíma um *WAP* eða *GPRS*, 8% notuðu fartölvu til að tengjast interneti, 2% notuðu lófatölvu og 1% notaði internet í gegnum farsíma um *UMTS*. Algengara var að karlar notuðu slík tæki en 17% karla tengdust interneti í gegnum farsíma um *WAP* eða *GPRS* á móti 6% kvenna og 12% karla notuðu fartölvu til að komast á netið á móti 4% kvenna. Um 4% karla og 1% kvenna notuðu lófatölvu og einungis 1% karla notuðu farsíma um *UMTS* til þessa. Hlutfall kvenna sem notuðu internet um *UMTS* var vart mælanlegt.

Internet helst notað til samskipta og upplýsingaleitar

Í rannsókninni er spurt um tilgang internetnotkunar og er þá átt við notkun í eigin þágu síðustu þrjá mánuði áður en rannsóknin fór fram. Líkt og fyrri ár notuðu einstaklingar internet helst til samskipta og upplýsingaleitar. Níu af hverjum tíu netnotendum skiptust á tölvupóstsendingum um internet, 87% leituðu upplýsinga um vörur og þjónustu, ríflega helmingur netnotenda fór inn á spjallrásir um internet og fjórði hver notaði internet fyrir símtöl eða fjarfundi.

Átta af hverjum tíu nota netbanka

Átta af hverjum tíu netnotendum stunduðu viðskipti í heimabanka um internet árið 2007. Ríflega þriðji hver hafði pantað vörur eða þjónustu um internet og 13% netnotenda seldu vörur eða þjónustu á þennan máta. 67% notuðu internet í ferðatengdum tilgangi svo sem til að panta ferðir eða gistingu.

Fjórir af hverjum tíu sækja sér leiki, tónlist eða myndir

Þrír af hverjum fjórum netnotendum lásu vefútgáfur dagblaða og tímarita og ríflega helmingur þeirra hafði horft á sjónvarp eða hlustað á útvarp um internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. Helmingur netnotenda hafði leitað upplýsinga varðandi heilsu og heilbrigðismál með aðstoð internets á þessu tímabili. Fjórir af hverjum tíu netnotendum sóttu sér leiki, tónlist eða myndir af interneti og 32% netnotenda hlóðu niður hugbúnaði af interneti.

*Sex af hverjum tíu leita
upplýsinga á vefsíðum
opinberra aðila*

Sex af hverjum tíu netnotendum leituðu upplýsinga á vefsíðum opinberra aðila, 37% þeirra notuðu internet til að nálgast eyðublöð frá opinberum aðilum og síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn sendi fimmti hver eyðublöð til opinberra aðila um internetið¹. 18% netnotenda höfðu leitað að vinnu eða sent inn atvinnuumsóknir um internet á sama tíma og einn af hverjum tíu nýtti sér internet til að stunda fjarnám eða endurmenntun.

Tölvu- og internetkunnátta einstaklinga

Tölvukunnátta einstaklinga

Þeir einstaklingar sem notuðu tölvu síðustu tólf mánaði áður en rannsóknin var gerð voru spurðir um það, hverjar af eftirfarandi tölvutengdum aðgerðum þeir hefðu einhvern tímann framkvæmt:

- Tekið afrit af eða fært til skjal eða möppu
- Notað skipanirnar *cut*, *copy* eða *paste* til að fjölfalda eða færa til upplýsingar
- Notað *Excel* eða svipuð forrit til útreikninga
- Þjappað skrár t.d. með *Winzip*
- Tengt og sett upp prentara, módem eða annað þess háttar
- Búið til tölvuforrit

*Helmingurinn hefur þjappað
skrár og 16% hafa búið til forrit*

Tæplega níu af hverjum tíu einstaklingum höfðu tekið afrit eða fært til skjal, möppu eða aðrar upplýsingar. 83% höfðu nýtt skipanirnar *copy*, *cut* eða *paste* til að fjölfalda eða færa til upplýsingar. Þrír af hverjum fjórum höfðu notað sérstök forrit til útreikninga og 58% höfðu tengt og sett upp prentara, módem eða önnur slík tæki. Um helmingur notenda hafði prófað að þjappa skrár og 16% höfðu búið til tölvuforrit.

*Karlar frekar en konur
í flóknunni aðgerðunum*

Lítið eitt algengara er að karlar (79%) hafi notað forrit til útreikninga en konur (73%). Munur milli kynja verður þó meiri þegar kemur að flóknari aðgerðum en árið 2007 höfðu 59% karla notað forrit til að þjappa skrár á móti 38% kvenna og 72% karla höfðu tengt og sett upp prentara, módem eða önnur slík tæki á móti 43% kvenna. Þá hafði ríflega fimmti hver karl búið til forrit á móti 9% kvenna.

Aðgerðir tengdar interneti

Allir þeir einstaklingar sem höfðu notað internet síðustu tólf mánuði voru spurðir um það, hverjar af eftirfarandi nettengdum aðgerðum þeir hefðu einhvern tímann framkvæmt:

- Notað leitarvél til að finna upplýsingar
- Sent tölvupóst með viðhengi
- Sent efni inn á umræðuvefi eða spjallrásir
- Notað internet fyrir símtöl
- Notað jafningjanet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum o.þ.h.
- Búið til vefsíðu

*Þriðji hver notar internet fyrir
símtöl*

Nær allir höfðu notað leitarvél til að finna upplýsingar og ríflega fjórir af hverjum fimm höfðu sent tölvupóst með viðhengi. Af aðspurðum höfðu 41% sent inn efni á umræðuvefi eða spjallrásir og 25% höfðu notað jafningjanet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum eða öðru þess háttar. Ríflega þriðji hver hafði notað internet til að ná

¹ Úthringingum lauk áður en ríkisskattstjóri opnaði fyrir vefskil skattframtals. Síðastliðin ár hefur um níu af hverjum tíu skattframtölum einstaklinga verið skilað á rafrænu formi.

talsambandi við aðra og svipað hlutfall einstaklinga hafði smíðað vefsíðu árið 2007.

Algengara að karlar skiptist á tónlist eða kvikmyndum um internet

Enginn munur er á notkun kynjanna á leitarvélum og sendingum tölvupósts með viðhengi. Fleiri karlar höfðu notað internet til að skiptast á tónlist eða kvikmyndum árið 2007 eða 33% á móti 17% kvenna. Um 45% karla og 36% kvenna sendu inn efni á umræðuvefi eða spjallrásir og 40% karla og 32% kvenna höfðu notað internet til að ná talsambandi við aðra. Árið 2007 hafði svipað hlutfall karla og kvenna smíðað vefsíðu eða 33% karla og 35% kvenna.

Sjálfsnám er algengt

Þegar spurt var, hvar einstaklingar hefðu öðlast tölvu- og internetkunnáttu sína sögðust 48% hafa fengið kennslu í skóla, 37% höfðu sótt tölvunámskeið að eigin frumkvæði og ríflega fjórði hver hafði sótt námskeið að frumkvæði eða kröfu atvinnurekanda. Flestir höfðu stundað sjálfsnám af einhverju tagi svo sem með aðstoð bóka, geisladiska eða annarra hjálpartækja (46%) eða með því að prófa sig áfram (85%). Ríflega átta af hverjum tíu sögðust hafa lært á tölvu og internet með aðstoð vina, ættingja, skóla- eða vinnufélaga.


Rafræn verslun

Þrír af hverjum fjórum kaupa um internet

Frá því að Hagstofan hóf mælingar sínar hefur hlutfall einstaklinga á aldrinum 16–74 ára sem panta eða kaupa vörur eða þjónustu á rafrænan máta farið vaxandi. Árið 2002 höfðu 17% einstaklinga á þessum aldri pantað eða keypt vöru eða þjónustu um internet síðustu þrjá mánaði fyrir rannsóknina. Fimm árum síðar pantar nær þriðjungur Íslendinga á þessum aldri vörur eða þjónustu á rafrænan máta (sjá mynd 1).

Mynd 1. Kaup um internet 2002–2007

Figure 1. Percent of population placing orders online 2002–2007



Skýringar Notes: Hlutfall heildarmannfjölda. Viðmiðunartími eru þrír mánuðir áður en rannsókn var gerð. Reference time is three months prior to each survey.

Helst að einstaklingar á aldrinum 25–54 ára kaupi um internet

Hlutfall einstaklinga sem keyptu rafrænt er hærra ef litið er til tólf mánaða. Þannig hafði helmingur allra einstaklinga á aldrinum 16–74 ára notað internetið til innkaupa síðustu tólf mánaði árið 2007. Fleiri karlar en konur höfðu keypt um internet eða 53% karla á móti 47% kvenna. Fólk yngra en 55 ára er líkleggra til að kaupa vörur og þjónustu um internet en þeir sem eldri eru. Þannig höfðu 51% karla og 56% kvenna á aldrinum 16–24 ára og 61% karla og 53% kvenna á aldrinum 25–54

ára keypt um internet á tólf mánaða tímabili árið 2007 á móti 33% karla og 26% kvenna á aldrinum 55–74 ára.

Algengast að háskólamenntaðir kaupi um internet

Árið 2007 voru kaup um internet nokkru algengari meðal einstaklinga með lengstu skólagönguna en 72% einstaklinga með háskólamenntun höfðu keypt um internet síðustu tólf mánaði. 51% einstaklinga með stúdentspróf eða iðnnám að baki og 35% einstaklinga með stystu skólagönguna höfðu pantað eða keypt um internet á þessu sama tímabili. Þegar kaup um internet eru skoðuð með tilliti til stöðu viðkomandi á vinnumarkaði er enginn munur milli starfandi fólks og námsmanna eða 54% í hvorum hópi fyrir sig. Sjaldgæfast var að einstaklingar í atvinnuflokknum *Aðrir* hefðu pantað vörur eða þjónustu um internet á tólf mánaða tímabili fyrir rannsókn eða 21%.

79% keyptu eitthvað ferðatengt

Líkt og fyrri rannsóknir Hagstofunnar hafa sýnt er vinsælast að panta eitthvað ferðatengt svo sem farmiða eða gistingu um internet. Árið 2007 höfðu nærri átta af hverjum tíu einstaklingum sem keyptu um internet á tólf mánaða tímabili pantað eitthvað ferðatengt. Nærri helmingur hafði keypt aðgöngumiða að viðburðum, fjórir af hverjum tíu keyptu bækur, tímarit eða fjarkennslufni og 35% keyptu tónlist eða kvikmyndir um internet.

Fáir kaupa í matinn um internet

Ríflega fimmti hver pantaði föt, skó eða ípróttavörur, 19% hlutabréf eða tryggingar og 17% aðspurðra keyptu happdrætti, veðmál eða lottó um internet. Sem fyrr er sjaldgæfast að fólk kaupi mat eða hreinlætisvörur um internet en árið 2007 höfðu einungis 6% aðspurðra gert slíkt.

Gagnasöfnun og úrvinnsla

Úrtak og heimtur

Úrtakið náði til 2.020 manns. Í úrtökuramma voru einstaklingar sem við upphaf rannsóknar voru á aldrinum 16–74 ára og höfðu lögheimili á Íslandi. Heimtur voru góðar eða um 80% nettó (sjá töflu 1).

Tafla 1. Úrtak og heimtur 2007

Table 1. Sample size and response rate 2007

	Heimili <i>Households</i>		Einstaklingar <i>Individuals</i>	
	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>%</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>%</i>
Úrtak <i>Sample</i>	2.020	100,0	2.020	100,0
Látnir <i>Deceased</i>	–	–	–	–
Búsettir erlendis <i>Domicile abroad</i>	24	1,2	31	1,5
Hrein úrtaksstærð <i>Net sample size</i>	1.996	98,8	1.989	98,5
Hrein úrtaksstærð <i>Net sample size</i>	1.996	100,0	1.989	100,0
Svarendur <i>Respondents</i>	1.623	81,3	1.560	78,4
Neita <i>Refusals</i>	181	9,1	188	9,5
Veikir eða ófærir um að svara <i>Sick or disabled</i>	19	1,0	29	1,5
Fjarverandi eða finnast ekki <i>Away from home/no contact</i>	172	8,6	211	10,6
Aðrar ástæður <i>Others</i>	1	0,1	1	0,1

Spurningalisti og gagnaöflun

Við gerð spurningalista var stuðst við samræmdan spurningalista Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Niðurstöður Hagstofu Íslands eru því samanburðarhæfar við niðurstöður kannana í löndum Evrópusambandsins sem og annarra Norðurlanda. Um símakönnun var að ræða en u.þ.b. viku áður en úthringingar hófust sendi

Hagstofan bréf til viðkomandi þar sem tilgangur og framkvæmd könnunar voru kynnt. Öllum var frjálst að neita þátttöku.

Útreikningar og framkvæmd Heildarstærðir og hlutfallsskiptingar einstaklinga eru reiknaðar með því að vega hvert svar með tilliti til aldurs og kyns. Þegar heildarstærðir og hlutfallsskiptingar heimila eru reiknaðar er hvert svar vegið með fjölda heimilismanna á aldrinum 16–74 ára. Ítarlegri upplýsingar um rannsóknina má finna undir vörulýsingum á slóðinni <http://www.hagstofa.is/upplýsingataekni>.

Tekjuviðmið heimila hækkuð Heimilistekjur eru heildartekjur allra heimilismanna á mánuði fyrir skatt í íslenskum krónum. Niðurstöður um tekjur heimilis eru birtar fyrir sex flokka og voru viðmið þeirra hækkuð árið 2007 og eru:

- 0–200 þúsund
- 201–400 þúsund
- 401–600 þúsund
- 601–800 þúsund
- 801–1.000 þúsund
- Meira en 1 milljón

Framsetning niðurstaðna Niðurstöður mælinga á tæknibúnaði á heimilum eru settar fram eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis. Niðurstöður mælinga á notkun einstaklinga á tölvum og interneti eru settar fram eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og atvinnu. Allar niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í vefðöflum Hagstofunnar. Slóðin á vefðöflurnar er <http://www.hagstofa.is/upplýsingataekni>.

Tafla 2. Tölvur og internet á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2007*Table 2. Computers and the Internet in households by residence, type of household and household income 2007*

Hlutfall heimila <i>Percent of households</i>	Tölva <i>Computer</i>	Internet <i>Internet</i>
Alls <i>Total</i>	89	84
Búseta <i>Residence</i>		
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	89	84
Landsbyggð <i>Other regions</i>	88	82
Heimilisgerð <i>Type of household</i>		
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	83	77
Heimili með börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	97	94
Tekjur heimilis í ísl. krónum <i>Household income in ISK</i>		
0–200 þúsund <i>thousand</i>	68	56
201–400 þúsund <i>thousand</i>	90	84
401–600 þúsund <i>thousand</i>	95	91
601–800 þúsund <i>thousand</i>	99	99
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	100	96
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	100	96

Merking tákna í töflum og útskýringar *Symbols used within tables*– núll, þ.e. ekkert *nil, i.e. nothing.*0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er *less than half of the unit used.*

Tölvunotendur eru þeir sem notuðu tölvu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar.
Computer users are those using a computer in a period of three months prior to the survey.

Netnotendur eru þeir sem notuðu internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar.
Internet users are those using the Internet in a period of three months prior to the survey.

Tafla 3. Tegund internettengingar á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2007

Table 3. Type of Internet connection in households by residence, type of household and household income 2007

Hlutfall nettengdra heimila Percent of households with Internet access	Mótald/módem eða ISDN Modem or ISDN	xDSL ADSL or other types of xDSL	Um kapal eða breiðband ¹ Via cable or broadband ¹	Um WAP eða GPRS Mobile phone via WAP or GPRS
Alls Total	7	89	2	0
Búseta Residence				
Höfuðborgarsvæði Capital region	6	91	2	1
Landsbyggð Other regions	10	86	1	–
Heimilisgerð Type of household				
Heimili án barna yngri en 16 ára Households without child(ren) under 16 years	10	85	2	0
Heimili með börn yngri en 16 ára Households with child(ren) under 16 years	4	94	2	1
Tekjur heimilis í ísl. krónum Household income in ISK				
0–200 þúsund thousand	9	85	1	1
201–400 þúsund thousand	9	87	3	1
401–600 þúsund thousand	6	92	2	0
601–800 þúsund thousand	4	95	1	0
801–1.000 þúsund thousand	10	90	1	–
Meira en 1 milljón Over 1 million	5	95	–	1

¹ Til dæmis LAN, ljósleiðari, lasertenging, þráðlaus um gervihnött og UMTS. E.g. LAN, cable modem, fibre optic cable, fixed wireless technologies, satellite technologies and UMTS

Tafla 4. Tæki til að tengjast interneti á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2007

Table 4. Devices used to access the Internet by residence, type of household and household income 2007

Hlutfall nettengdra heimila Percent of households with Internet access	Tölva Computer	Lófatölva Palm top	Stafrænt sjónvarp Digital TV, digital set top box	Farsími Mobile phone	Leikjatölva Games console	Önnur tæki Other devices
Alls Total	99	4	15	4	18	1
Búseta Residence						
Höfuðborgarsvæði Capital region	99	5	13	4	19	2
Landsbyggð Other regions	100	2	18	3	17	1
Heimilisgerð Type of household						
Heimili án barna yngri en 16 ára Households without child(ren) under 16 years	99	2	12	1	15	1
Heimili með börn yngri en 16 ára Households with child(ren) under 16 years	99	6	17	7	22	1
Tekjur heimilis í ísl. krónum Household income in ISK						
0–200 þúsund thousand	99	1	9	0	9	0
201–400 þúsund thousand	99	2	12	2	13	2
401–600 þúsund thousand	99	4	17	3	20	1
601–800 þúsund thousand	99	4	20	5	25	2
801–1.000 þúsund thousand	100	10	21	8	32	–
Meira en 1 milljón Over 1 million	100	13	23	11	41	3

Tafla 5. Tölvu og internetnotkun einstaklinga eftir kyni, aldri, menntun og atvinnu 2007*Table 5. Individuals' use of a computer and the Internet by gender, age, education and occupation 2007*

Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Tölvunotkun <i>Computer use</i>			Internetnotkun <i>Internet use</i>		
	Innan við 3 mánuðir <i>Less than 3 months</i>	Milli 3 og 12 mánuðir <i>Between 3 and 12 months</i>	Meira en 12 mán. eða aldrei <i>More than 12 months or never</i>	Innan við 3 mánuðir <i>Less than 3 months</i>	Milli 3 og 12 mánuðir <i>Between 3 and 12 months</i>	Meira en 12 mán. eða aldrei <i>More than 12 months or never</i>
Allir <i>All</i>	91	1	8	90	1	9
Aldur <i>Age</i>						
16–24 ára <i>years</i>	99	0	–	100	–	–
25–34 ára <i>years</i>	98	–	2	98	–	2
35–44 ára <i>years</i>	96	1	3	96	1	3
45–54 ára <i>years</i>	91	1	8	89	1	10
55–64 ára <i>years</i>	87	0	12	83	2	14
65–74 ára <i>years</i>	57	2	40	50	2	48
Karlar alls <i>Men total</i>	92	1	7	91	1	8
16–24 ára <i>years</i>	100	–	–	100	–	–
25–54 ára <i>years</i>	95	1	4	94	1	5
55–74 ára <i>years</i>	78	1	20	75	2	23
Konur alls <i>Women total</i>	90	1	9	89	1	10
16–24 ára <i>years</i>	99	1	–	99	–	–
25–54 ára <i>years</i>	95	0	5	94	0	5
55–74 ára <i>years</i>	73	1	25	66	2	31
Menntun <i>Education</i>						
Skyldunám <i>Primary</i>	86	1	13	82	1	17
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	92	1	7	92	1	7
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	99	–	1	99	–	1
Atvinna <i>Occupation</i>						
Námsmaður <i>Student</i>	100	–	–	100	–	–
Starfandi <i>Employed</i>	94	0	5	93	0	6
Aðrir <i>Others</i>	64	3	33	58	3	39

Tafla 6. Tæki, notuð af einstaklingum til að fara á internet eftir kyni og aldri 2007*Table 6. Individuals' use of mobile devices to access the Internet by gender and age 2007*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Farsími um WAP eða GPRS <i>Mobile phone via WAP or GPRS</i>	Farsími um UMTS <i>Mobile phone via UMTS</i>	Lófatölva <i>Palm top/PDA</i>	Fartölva <i>Lap top</i>
Allir <i>All</i>	12	1	2	8
Karlar alls <i>Men total</i>	17	1	4	12
16–24 ára <i>years</i>	16	1	3	11
25–54 ára <i>years</i>	19	0	4	13
55–74 ára <i>years</i>	8	2	2	7
Konur alls <i>Women total</i>	6	0	1	4
16–24 ára <i>years</i>	8	1	1	9
25–54 ára <i>years</i>	7	0	1	3
55–74 ára <i>years</i>	1	–	–	1

Tafla 7 Tíðni tölvu- og internetnotkunar eftir kyni og aldri 2007*Table 7. Frequency in the use of a computer and the Internet by gender and age 2007*

Hlutfall tölvu- og internetnotenda <i>Percent of computer and Internet users</i>	Tölvunotkun <i>Computer use</i>				Internet notkun <i>Internet use</i>			
	Daglega eða <i>Every day or almost every day</i>		Sjaldnar <i>Less than once a month</i>		Daglega eða <i>Every day or almost every day</i>		Sjaldnar <i>Less than once a month</i>	
	því sem næst <i>Every day or almost every day</i>	A.m.k. einu sinni í viku <i>At least once a week</i>	A.m.k. einu sinni í mánuði <i>At least once a month</i>	en einu sinni í mánuði <i>Less than once a month</i>	því sem næst <i>Every day or almost every day</i>	A.m.k. einu sinni í viku <i>At least once a week</i>	A.m.k. einu sinni í mánuði <i>At least once a month</i>	en einu sinni í mánuði <i>Less than once a month</i>
Allir All	86	11	2	1	82	14	3	1
Karlar alls Men total	87	11	2	1	85	11	2	1
16–24 ára years	92	8	1	0	90	9	1	1
25–54 ára years	87	10	2	1	86	10	2	2
55–74 ára years	81	17	2	1	77	17	5	2
Konur alls Women total	85	11	3	1	79	16	4	1
16–24 ára years	85	15	0	0	83	16	1	0
25–54 ára years	87	9	4	1	80	15	4	2
55–74 ára years	79	16	4	1	68	22	9	1

Tafla 8. Uppruni tölvu- og internetkunnáttu einstaklinga eftir kyni og aldri 2007*Table 8. How individuals obtained their computer and Internet related skills by gender and age 2007*

Hlutfall einstaklinga sem notuðu tölvu eða internet á sl. 12 mánuðum <i>Percent of those using a computer or the Internet in the last 12 months</i>	Tók tölvutíma í skóla <i>Formalised educational institution</i>	Fór á tölvunámskeið að eigin frumkvæði <i>Training courses on own initiative</i>	Fór á tölvunámsk. að frumkvæði atvinnurekanda <i>Training courses on employer's initiative</i>	Lærði sjálf(ur) með hjálp bóka geisladiska o.fl. <i>Self-study by using books, cd-roms etc.</i>	Lærði sjálf(ur) með því að prófa sig áfram <i>Self-study in the sense of learning-by-doing</i>	Lærði sjálf(ur) með aðstoð annarra <i>Self-study with the assist.of friends, relatives or colleg.</i>
Allir All	48	37	27	46	85	83
Karlar alls Men total	46	35	23	50	88	83
16–24 ára years	83	14	7	33	92	84
25–54 ára years	44	39	28	54	90	83
55–74 ára years	12	44	26	55	80	82
Konur alls Women total	51	40	30	41	81	83
16–24 ára years	88	9	4	24	90	88
25–54 ára years	52	47	33	45	83	83
55–74 ára years	11	49	49	45	64	78

Tafla 9. Tilgangur internetnotkunar einstaklinga eftir kyni og aldri 2007*Table 9. Purpose of individuals' Internet use by gender and age 2007*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Samskipti <i>Communication</i>			Upplýsingaleit og þjónusta <i>Information search and online services</i>						
				Til að Leita						
				Leita	Notkun	Hlusta á	leika eða	Til að lesa	upplýs.	
				upplýsinga	tengd	útvarp/	ná í leiki	eða ná í	varðandi	
				um vörur	ferða-	horfa á	tónlist eða	dagblöð/	heilsu eða	
	Simtöl	Spjall-og	þjónustu	mennsku	sjónvarp	myndir	Hlaða	tímarit	heil-	
	eða	fjarfundir	rásir	Finding	Use	to web	or down-	hugbúnaði	brigðismál	
	Tele-	o.p.h.	inform.	related to	radio/	loading	Down-	down-	Seeking	
	phoning	Use of	about	travel and	watching	games,	loading	loading	health-	
	Use of	or video-	chat sites	goods and	accommo-	web	music or	soft-	papers/	informa-
e-mail conferencing	etc.	services	dation	television	images	ware	magazines	tion		
Allir <i>All</i>	89	24	54	87	67	53	40	32	75	49
Karlar alls										
Men total	88	27	52	89	66	58	46	43	80	39
16–24 ára <i>years</i>	88	31	90	93	49	73	76	59	66	39
25–54 ára <i>years</i>	91	29	48	92	72	57	44	43	86	44
55–74 ára <i>years</i>	81	17	25	77	66	43	20	27	78	25
Konur alls										
Women total	90	21	56	84	68	49	32	20	69	59
16–24 ára <i>years</i>	94	23	96	87	63	61	59	24	56	48
25–54 ára <i>years</i>	90	21	53	87	70	48	28	21	73	63
55–74 ára <i>years</i>	83	16	23	70	66	36	17	9	68	55

Skýring *Note:* Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. *People were asked about for which private purpose they had used the Internet in the last three months prior to the survey.*

Tafla 10. Tölvukunnátta einstaklinga eftir kyni og aldri 2007*Table 10. Computer related activities carried out by individuals by gender and age 2007*

Hlutfall einstaklinga sem notuðu tölvu á sl. 12 mánuðum <i>Percent of those using a computer in the last 12 months</i>	Tekið afrit af eða fært til skjal eða möppu <i>Copying or moving a file or a folder</i>		Notað <i>Excel</i> eða svipað til útreikninga <i>Using arithmetic formulas in a spreadsheet</i>		Tengt og sett upp prentara, módem og fleira þ.h. <i>Connecting and installing new devices</i>		Búið til forrit <i>Writing a computer program</i>
		Notað <i>copy, cut</i> skipanir <i>Using copy, cut or paste tools</i>		Þjappað skrárm <i>Compressing a file</i>			
Allir <i>All</i>	86	83	76	49	58	16	
Karlar alls <i>Men total</i>	86	81	79	59	72	22	
16–24 ára <i>years</i>	92	97	88	77	76	28	
25–54 ára <i>years</i>	86	83	81	60	77	24	
55–74 ára <i>years</i>	77	61	64	37	49	9	
Konur alls <i>Women total</i>	86	84	73	38	43	9	
16–24 ára <i>years</i>	96	99	86	40	55	8	
25–54 ára <i>years</i>	87	86	76	43	48	10	
55–74 ára <i>years</i>	71	63	49	18	13	6	

Fjármálaþjónusta og verslun <i>Banking and e-commerce</i>			Menntun og atvinna <i>Education and job search</i>		Samskipti við opinbera aðila <i>Interaction with public authorities</i>		
Viðskipti í heima- banka <i>Internet banking</i>	Til að panta eða kaupa vörur eða þjónustu <i>Ordering or purchasing goods or services</i>	Til að selja vörur eða þjónustu <i>Selling goods and services</i>	Fjarnám eða endur- menntun <i>Educational courses</i>	Atvinnuleit/ innsending atvinnu- umsókna <i>Job search/ sending job applications</i>	Ná í uppl. á vefsíðu(m) opinberra aðila <i>Obtaining information from public authorities web site(s)</i>	Sækja eyðublöð frá opinberum aðilum <i>Down- loading official forms</i>	Sendu inn eyðublöð til opinberra aðila <i>Sending filled in forms</i>
80	36	13	10	18	60	37	21
81	39	17	10	18	63	39	24
76	27	18	9	27	42	21	14
84	45	18	10	18	70	45	25
74	31	11	12	6	65	42	28
80	33	9	10	17	57	34	19
83	36	10	10	33	50	18	10
83	35	11	11	17	61	40	21
66	23	4	5	2	47	31	20

Tafla 11. Internetkunnátta einstaklinga eftir kyni og aldri 2007

Table 11. Internet related activities carried out by individuals by gender and age 2007

Hlutfall einstaklinga sem notuðu internet á sl. 12 mánuðum <i>Percent of those using the Internet in the last 12 months</i>	Notað leitarvél <i>Using a search engine</i>	Sent tölvupóst með viðhengi <i>Sending e-mails with attachments</i>	Sent efni inn á umræðuvefi eða spjallrásir <i>Posting messages to chat rooms, newsgroups etc.</i>	Notað internet fyrir símtöl <i>Making tele- phone calls over the Internet</i>	Notað net til að skiptast á tónlist, kvikmyndum o.þ.h. <i>Using peer-to-peer file sharing for exch. movies, music etc.</i>	Búið til vefsíðu <i>Creating a web page</i>
Allir All	94	84	41	36	25	34
Karlar alls Men total	95	84	45	40	33	33
16–24 ára years	99	91	78	39	69	50
25–54 ára years	97	85	43	44	29	33
55–74 ára years	86	72	17	30	6	10
Konur alls Women total	93	85	36	32	17	35
16–24 ára years	98	92	63	33	44	70
25–54 ára years	94	86	35	35	13	32
55–74 ára years	83	73	11	21	1	6

Tafla 12. Vöru- og þjónustukaup einstaklinga eftir kyni og aldri 2007

Table 12. Goods/services purchased over the Internet by individuals by gender and age 2007

Hlutfall einstaklinga sem pöntuðu eða keyptu um internet á sl. 12 mánuðum <i>Percent of individuals doing Internet commerce in the last 12 months</i>	Matvæli og hreinslætisvörur <i>Food, groceries</i>	Hluti til heimilisins, ekki raftæki <i>Household goods, excl. electr. equipm.</i>	Tónlist, kvikmyndir <i>Music, films</i>	Bækur, tímarit fjarkennsluefni <i>Books, magaz., e-learning material</i>	Föt, skór íþróttavörur <i>Clothes, sport goods</i>	Hugbúnaður fyrir tölvur, tölvuleikir <i>Computer software</i>
Allir All	6	15	35	41	22	30
Karlar alls Men total	6	14	42	42	20	43
16–24 ára years	6	13	53	31	26	28
25–54 ára years	6	16	41	45	21	48
55–74 ára years	6	7	31	45	9	35
Konur alls Women total	6	16	28	40	24	16
16–24 ára years	9	12	34	32	32	13
25–54 ára years	6	19	29	41	25	18
55–74 ára years	2	12	16	48	10	12

Tafla 13. Kaup einstaklinga um internet eftir kyni, aldri, menntun og atvinnu 2007

Table 13. Individuals' Internet commerce by gender, age, education and occupation 2007

	Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>		Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	
	Á sl. þremur mánuðum <i>In the last 3 months</i>	Á sl. tólf mánuðum <i>In the last 12 months</i>	Á sl. þremur mánuðum <i>In the last 3 months</i>	Á sl. tólf mánuðum <i>In the last 12 months</i>
Allir All	32	50	36	56
Aldur Age				
16–24 ára years	31	53	31	54
25–34 ára years	40	62	41	63
35–44 ára years	43	64	45	67
45–54 ára years	30	44	34	50
55–64 ára years	25	38	30	46
65–74 ára years	9	16	19	32
Karlar alls Men total	35	53	39	58
16–24 ára years	27	51	27	51
25–54 ára years	42	61	45	65
55–74 ára years	23	33	31	45
Konur alls Women total	30	47	33	53
16–24 ára years	35	56	36	56
25–54 ára years	33	53	35	56
55–74 ára years	15	26	23	39
Menntun Education				
Skyldunám Primary	22	35	27	43
Stúdent eða iðnnám Secondary	32	51	35	55
Nám á háskólastigi Tertiary	49	72	50	72
Atvinna Occupation				
Námsmaður Student	29	54	29	54
Starfandi Employed	37	54	39	58
Aðrir Others	11	21	20	37

Vélbúnaður fyrir tölvur <i>Computer hardware</i>	Raftæki, myndavélar <i>Electronic equipments, cameras</i>	Hlutabréf, tryggingar og fleira þ.h. <i>Shares, insurance etc.</i>	Farmiðar, gisting og fleira ferðatengt <i>Travel, accommodation etc.</i>	Aðgöngu- miðar á viðburði <i>Tickets for events</i>	Happdrætti, veðmál og lottó <i>Lotteries, betting</i>	Annað <i>Other things</i>
9	12	19	79	48	17	13
14	17	28	78	47	19	11
15	29	19	50	42	8	10
15	14	31	82	48	23	12
6	15	23	93	49	18	7
3	7	9	81	50	15	16
5	16	5	78	42	1	9
2	5	10	83	51	20	17
4	2	12	80	54	14	18

English Summary

The vast majority of Icelandic households have a computer and access to the Internet. In 2007, 89% of the households had a computer and 84% of the households had access to the Internet. The xDSL Internet connection is the most common type of Internet connections within Icelandic households whereas 89% of the Internet-connected households used an xDSL connection in 2007. That year only 7% of the Internet-connected households used a dial-up telephone connection or an ISDN connection.

Use of computers and the Internet is very widespread among individuals in Iceland. In 2007, 91% of the population aged 16–74 years used a computer and 90% had used the Internet in a period of three months prior to the survey. As in previous years the Internet is mainly used for information search and communication. In 2007, 32% of the population aged 16–74 years had ordered goods or services over the Internet during a period of three months prior to the survey. As in previous years, the most popular goods and services purchased over the Internet are related to travel and accommodation.

In this issue of the Statistical Series the prevalence of computers and the Internet among Icelandic households is discussed as well as individuals' use of computers and the Internet in 2007. Emphasis is placed on computer and Internet related activities carried out by individuals as well as the purpose of individuals' Internet use.

This issue contains an overview over the main results. More data and breakdowns can be found on Statistics Iceland's website.

Hagtiðindi **Upplýsingatækni**
Statistical Series **Information technology**

92. árgangur nr. 39

ISSN 0019-1078

2007:3

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervised by* Guðfinna Harðardóttir • gudfinna.hardardottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series